

**43. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,  
Stillholti 16-18,  
10. ágúst 2016 og hófst hann kl. 16:00**

**Fundinn sátu:**

Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Anna Þóra Þorgilsdóttir aðalmaður, Valgarður L. Jónsson varaáheyrnarfulltrúi, Jón Hrói Finnsson sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Jón Hrói Finnsson, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Gunnhildur Björnsdóttir boðaði forföll. Valgarður L. Jónsson mætti í hennar stað.

**Fyrir tekið:**

**1. 1607022 - Leiðbeiningar um orlofsdvöl fyrir fatlað fólk**

Lagðar fram til umræðu leiðbeiningar um þjónustu í orlofsdvöl fatlaðs fólks ásamt athugasemdum.

*Lagt fram til kynningar.*

**2. 1510028 - Þjónustusvæði í málefnum fatlaðra**

Borist hefur bréf frá velferðarráðuneyti varðandi erindi Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar um að Sveitarfélögin myndi sameiginlega sérstakt þjónustusvæði í málefnum fatlaðs fólks. Í bréfinu kemur fram að erindið hafi verið sent Borgarbyggð, Snæfellsbæ og sambandi íslenskra sveitarfélaga til umsagnar. Frestur til að skila umsögn er til 26. ágúst.

*Lagt fram til kynningar.*

**3. 1601444 - Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2016**

Í tölvupósti velferðarráðuneytis frá 18. júlí 2016 er vakin athygli á því að drög að frumvörpum að lögum um málefni fatlaðs fólks og félagsþjónustu sveitarfélaga hafa verið birt á vef ráðuneytisins og að unnt er að koma athugasemdum við drögin á framfæri til 29. ágúst næstkomandi.

*Farið yfir drögin og þau rædd. Umræðu frestað til næsta fundar.*

**4. 1606099 - Staða sviðsstjóra Velferðar- og mannréttindasviðs**

Rætt um starfslok Jóns Hróa Finnssonar fráfarandi sviðsstjóra Velferðar- og mannréttindasviðs og ráðningu Svölu Hreinsdóttur í starfið.

**5. 1608047 - GT-2016 - Ráðstefna um þjónandi leiðsögn**

Dagana 13.-15. september verður haldin alþjóðleg ráðstefna um þjónandi leiðsögn (Gentle Teaching) á Akureyri. Fyrirhugað er að starfsmenn af Velferðar- og mannréttindasviði taki þátt. Heimasíða ráðstefnunnar er [www.gti2016.com](http://www.gti2016.com).

Kynnt.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:00.**

Vilborg P. Guðbjartsd.  
Anna Þóra Þorjónsdóttir  
Valgerður S. J.  
Einar Þ. Þorðsson  
